

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 11. júlí 2017
Mnr. 2016080019



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - stílsnið.docx

Stækkun afrennslissvæðis Mjólkárverkjunar fellur undir eftirtalda liði liði 3.22, 10.17 og 13.02 í fyrsta viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Með vísan í lið 13.02 þá er framkvæmdin tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar m.t.t. til breytinga og- eða viðbóta við framkvæmdir sem þegar hafa verið leyfðar eða framkvæmdar og kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

Liðir 3.22, 10.17 og 13.02 falla undir flokk B. Framkvæmdir eru flokkaðar í A,B og C og framkvæmdir í flokki A ávalt háðar mati umhverfisáhrifum en meta þar í hverju tilviki hvort framkvæmdir séu háðar slíku mati m.t.t. umfangs, eðlis og staðsetningar. Skipulags- og mannvirkjanefnd ályktar sem svo að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, áhrif framkvæmda eru einna helst sjónræn eðlis ,áætlað er að fjórir veituskurðir verði grafnir og tvær stíflur lokuhús og byggja yfir spennu. Ef vel tekst til með vísan í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 12.12.2016 þá er mikilvægt að fella þá að umhverfinu og ekki hafa þá þráðbeina þá megi draga töluvert úr sjónrænum áhrifum framkvæmdar. Framkvæmdarsvæði stækkar úr 19 km² í 29 km² skipulagssvæðið er að mestu nær inn á hverfisverndarsvæði H1 og inn á svæði sem er á náttúruminjasrá. Stærsti hluti skipulagssvæðisins er uppi á Glámuhálendinu og áhrif stækkunar hafa lítil áhrif á gróður þar sem framkvæmdasvæði er gróðursnautt, jafnframt eru áhrif á dýralíf takmörkuð m.t.t. stækkunar ekki er um neina fiskgengd í Mjólká, umferð ferðamanna og útivistarfólks um Glámuhálendið er lítil og mannvirki ekki mjög sýnileg frá leiðum ferðamanna. Nægjanlega er gerð grein fyrir framkvæmd, umhverfi, mótvægisáðgerðum og vöktum.

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í [flokki B og flokki C í 1. viðauka] ^o við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar

3.22 Vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira. **B**

10.17 Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum, utan þeirra sem tilgreind eru í tölulið 10.16. **B**

13.02 Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif **B**